

Framboð til stjórnar FKA

18. maí 2017



Kæra félagskona,

Ég hef ákveðið að gefa kost á mér í stjórn FKA á aðalfundi félagsins þann 18. maí n.k. og óska eftir þínum stuðningi við framboð mitt á fundinum. Ég hef verið félagi hjá FKA frá því 2009 þegar LeiðtogaAuður varð deild hjá FKA og félagi í LeiðtogaAuði nánast frá upphafi eða 2001. Ég sat í stjórn LeiðtogaAuðar árin 2011-2013 og í gegnum árin hef ég tekið þátt í því öflugra starfi sem FKA hefur upp á að bjóða. Í vetur aðstoðaði ég við stefnumótunarvinnu FKA þar sem ég sat í stefnumótunarráði og hef mikinn áhuga á því að fylgja henni eftir næsta vetur, vonandi sem stjórnarkona FKA.

Hver er ég?

Frá því í lok árs 2013 hef ég starfað sem ráðgjafi og er meðeigandi ráðgjafafyrirtækisins Strategíu ehf. Þar á undan starfaði ég hjá ýmsum fyrirtækjum eins og BYKO, Íslandsbanka og Landsvirkjun. Einnig starfaði ég um hríð sem framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Ég hef starfað í stjórnnum fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka og má þar nefna sérstaklega Stjórnvísí og forvera þess, Gæðastjórnunarfélag Íslands, en ég var formaður þess í tvö ár eftir að hafa verið varaformaður og stjórnarkona til margra ára.

Ég hef víðtæka reynslu af rekstri fyrirtækja bæði í einka- og opinbera geiranum og einnig sem atvinnurekandi. Ég tel mig geta greint vel þær ólíku þarfir og væntingar sem hinir ýmsu hópar innan FKA hafa til félagsins, með það að leiðarljósi að efla starfsemi félagsins enn frekar.

Hvað get ég gert fyrir FKA?

Mig langar að nýta þá reynslu og þekkingu sem ég hef varðandi innleiðingu á stefnu fyrirtækja og stofnana, FKA til framdráttar. Ég tel að sú reynsla og þekking sem ég hef af stjórnarstörfum og stjórnendastörfum ásamt reynslu af eigin rekstri, eigi eftir að nýtast mér vel sem stjórnarkona í FKA. Þrátt fyrir að FKA hafi náð gríðarlegum árangri á síðustu árum bíða mörg krefjandi verkefni nýrrar stjórnar. Mig langar að leggja mitt að mörkum til að vinna að þeim verkefnum og efla FKA enn frekar til framtíðar.

Kær kveðja

Guðrún Ragnarsdóttir

Meðeigandi og ráðgjafi hjá Strategíu